

TTAR-

2. ARG. 2. TBL.

PÓSTURINN

MÁÍ
1985

ÆTTARMÓT 6. - 7. JÚLÍ 1985

Nú líður að ættarmótinu sem verður sett í Skógargarði laugardaginn 6. júlí kl. 10.00. Dagskrá var kynt í síðasta blaði en hjer skal mint á grillmáltíð í Skógargarði laugardagskvöld (tæki og matfaung á staðnum), skoðunarferð (sunnudag kl. 10.00) og lokaþóf (með borðhaldi - sem verður ódýrt) í Valaskjálfi, sunnudagskvöld frá kl. 17.00. Tjaldstæði í Skógargarði frá föstudegi (eða fyrr).

Alvarleg áminning ➔ Tilkynnið þátttöku strax, frestur rennur út 1. júní. Allir hljóta að sjá að mótið verður ekki undirbúið af neinu viti nema kunnugt sé um fjölda gesta - og alt veltur á undirbúningi, annars fer þetta í vaskinn.

Dragið ekki að hafa samband við undirritaða:

Helgi Gíslason, Helgafelli. Sími (97)1164.

Dagný Marinósdóttir, Sauðanesi. Sími (96)81111.

Hulda Gísladóttir, Spítalavegi 21, Akureyri.
Sími (96)21112.

Indriði Gíslason, Barmahlíð 32, Reykjavík.
Sími (91)25743.

Smári Hermannsson, Aratúni 15, Garðabæ.
Sími (91)42757.



Eingum blöðum er um það að fletta að skógur hefur áður vaxið í Skógargerðislandi. Nafnið segir sína sögu og fleiri sannanir blasa við. Í Hjöllum innmeð Fljóti eru t.d. gamlar kolagrafir - og þær ekki fáar. Svo greinileg eru þessi ummerki að gryfjurnar geta ekki verið margra alda gamlar. Sýnist ljóst að þarna hafi skógur leingi haldist.

Gamall draumur um skóg

Bollaleggíngar um skógrækt í Skógargerði eru ekki nýjar af nálinni. Gísli bóndi sýndi þessu máli talsverðan áhuga og hafði komið upp girðingu innst á Flatás þar sem hann hugðist planta skógi. Sú tilraun heppnaðist ekki enda entist honum ekki aldur til að reyna til þrautar. Indriði Helgason hafði líka hug á skógrækt og var þá með Hjallana í huga, landið þar sem kolagrafirnar eru. - En sem sagt: Draumar þeirra bræðra réttust ekki (nema í trjárækt heima við bæ) enda má segja að tómmt mál hafi verið að tala um skóg meðan umfangsmikill fjárbúskapur var rekinn á jörðinni.

Nýtt átak í skógrækt

En tímarnir breytast. Nú er hægt að snúa draumum feðranna í veruleika. Nú verður hafist handa um skógrækt í Skógargerði. Hefur Víkingur bóndi unnið að undirbúningi þessa máls síðastliðið ár.

Fyrir valinu hefur orðið land á innri hluta Bæjaráss og þó aðallega í Hjöllumunum, landinu innmeð Fljóti

(sem hjet nú reyndar "inní girðíngu" í mínu úngdæmi).
Er lítill vafi á því að þetta land hentar vel til
skógræktar og Hjallarnir eru fegurri en aðrir staðir.
Ef alt fer samkvæmt áætlun verður þetta land girt nú
í vor. Er því ekki útilokað að ættinni gefist færi á
að planta nokkrum trjám í tilefni dagsins.

Sjóður? - Ættarskógur?

Skógrækt er dýrt fyrirtæki. Stofnkostnaður er hár
(girðingar) og plöntun og umhirða kostar líka mikið
fje (í vinnu). Sú hugmynd hefur komið fram að stofn-
aður verði sjóður til að halda uppi þessu starfi.
Yrði þá um að ræða einskonar ættarreit - þar sem t.d.
mætti halda næsta ættarmót "í lundum nýrra skóga"
(Hljómar vel - eða hvað?).

Skýrt skal fram tekið að þessi mál hafa lítt eða
ekki verið rædd. Væntanlega verður reynt að ganga
frá einhvorju skipulagi á ættarmótinu.



R A D D I R F R Á L E S E N D U M

"Afkomandi nr. 7" segir m.a. svo í brjefi:

Takk fyrir Ættarpóstinn. Það má ekki minna vera en
maður reyni að koma frá sér umbeðnum upplýsingum
[takið þetta til fyrirmyndar] ef það væri til hægð-
arauka fyrir hina ágætu undirbúningsnefnd, sem mér
sýnist að standi frábærlega vel í stöðu sinni. Eg
vona að það eigi eftir að koma fleiri blöð af Ætt-
arpóstinum sem er afar skemmtilegur og fróðlegur.

Kærar þakkir fyrir þetta brjef sem vissulega hlýtur
að verka einsog vítamínsprauta (Svona eiga lesendur
að vera!). Ritið ætti líklega frekar að heita Ættar-
laukurinn. - Ýmislegt bendir nú samt til þess að út-
gáfu ljúki með þessu blaði.

Margrjet hjet kona Helga Hallgrímssonar. Þau hjón voru foreldrar Ólafar í Skógargerði og bjuggu á Geirólfsstöðum í Skriðdal.

Af Margrjeti hafa geingið ýmsar sögur. Hún þótti svarri mikill í skapi og var nefnd Geirólfsstaða-Mánga (varla í virðingarskyni). Tvennum sögum fer þó af þessari formóður okkar. Sigfús Sigfússon telur hana t.d. mikilhæfa konu og hefur eftir henni sögur í safni sínu hinu mikla. Hjer verður haft fyrir satt að hún hafi verið kvenskörúngur (líklega rauðsokka - einna fyrst kvenna á Austurlandi).

Margrjet á Geirólfsstöðum var af Njarðvíkurætt. Faðir hennar var Sigurður bóndi á Mýrum í Skriðdal, Eiríksson, Hallssonar, bónda og hreppsstjóra í Njarðvík (Borgarfirði eystra). Lángafi Halls var Hallur lögrjettumaður í Njarðvík, sonur Einars digra, en Einar var í karllegg af Birni skafinn sem fyrstur þessara kynsmanna bjó í Njarðvík. Kona Björns var Hólmfríður systir Margrjetar ríku á Eiðum. Afi þeirra systra var Loftur ríki Guttormsson á Möðruvöllum í Eyjafirði (f.h.l. 15. aldar). - Móðir Einars digra var þriðji maður frá Gottskálki Hólabiskupi hinum grimma (Heimild um ætt: Helgi á Helgafelli). Njarðvíkurætt hefur verið fyrirferðarmikil um utanvert Hjerað, höfðingsfólk og afreksmenn sem sögur fara af.

ÆP Ábyrgðarmaður: Indriði Gíslason

Ritstjórnarfulltrúi: Björn Helgason
